

## 1. Tilgangur og umfang

Tilgangur reglunnar er að skilgreina hlutverk, ábyrgð og verkefni eftirlitsaðila í framkvæmdaverkum Veitna.

Reglan nær til allra ytri eftirlitsaðila og annarra aðila sem sinna eftirlitshlutverki fyrir Veitur.

## 2. Hlutverk og ábyrgð eftirlitsaðila

Þáttur	Ábyrgð eftirlitsaðila
Samskipti	Sér um öll samskipti milli verktaka og verkkaupa
Hæfniskröfur	Tryggir að öll námskeið (SSG Basic, SSG Veitur, o.fl.) séu tekin og gild. Gengur úr skugga um að verktaki hafi viðurkennda hæfni sbr. kröfur í útboðsgögnum, s.s. suðupróf, HACCP, öryggisnámskeið o.fl. áður en viðkomandi hefur störf.
Gæðastjórnun	Fylgist með að verkið sé unnið skv. útboðsgögnum og samningum
Prófanir og úttektir	Ber ábyrgð á að prófanir séu gerðar skv. kröfum og útboðsgögnum. Vistar niðurstöður og skýrslur úr úttektum inn á verkefnavef ACC.
Frávik	Heldur utan um öll frávik og tryggir að verktaki lagfæri þau.
Innmælingar	Ber ábyrgð á innmælingum og skilar inn skv. LAV-115.
Fundir	Boðar og stýrir verkfundum, skrifar fundargerðir innan 3. daga.
Kostnaðar- og framvindu eftirlit	Fylgist með reikningum, aukaverkum og frávikum í kostnaði.
Lokaúttekt og lúkning	Boðar til lokaúttektar, gerir skilgrein og tryggir að öll gögn séu vistuð í skjalakerfi Veitna.
Fulltrúi Veitna	Er til fyrirmyndar í öryggismálum, er fulltrúi Veitna út á við og sýnir háttvísi og þjónustulund í samskiptum.

## 3. Framkvæmd eftirlits

### 3.1 Undirbúningur og skipulag

- Verkefnisstjóri í samráði við eftirlitsaðila skipuleggur fyrirkomulag verkfunda og skilgreinir póstlista fundargerða og aðgengi að verkefnavef. Verkefnastjóri og eftirlitsaðili yfirfara hlutverkaskiptingu og kynna sér gögn skv. þessari verklagsreglu ([VRV-710](#)).

### 3.2 Verkfundir og framvinda

- Eftirlitsaðili boðar í upphafi framkvæmdar til fyrsta verkfundar (ræsfundar) með verktaka. Á ræsfundi er farið yfir öryggismál ásamt áhættugreiningu verks, verkáætlun, framkvæmd verktakamats og skipulag eftirlits. Á öðrum verkfundi skilar verktaki útfylltum gögnum vegna öryggismála, m.a. [EBV-760](#).
- Eftirlitsaðili sér til þess að breytingar á teikningum berist verktaka eins fljótt og hægt er og að breytingar séu bókaðar í næstu verkfundargerð. Hann sér einnig um að samþykktar breytingar á hönnun á verkstað berist verkefnastjóra og séu vistaðar á Verkefnavef. Stærri breytingar skal ávallt bera undir verkefnisstjóra.

### 3.3 Eftirlit og úttektir

- Eftirlitsaðilar sinna öryggiseftirliti í samræmi við útboðsgögn og kröfur Veitna þar að lútandi.
- Eftirlitsaðili skal taka öll frávik til umræðu á verkfundum og bóka í verkfundargerðir.
- Verktaki tilkynnir eftirlitsaðila þegar tilteknum verkáfanga er náð og kallar eftir úttekt. Úttektir skulu vistaðar á verkefnavef (ACC).

#### 3.3.1 Jarðvinna – Þáttur 1

- Eftirlitsaðili tekur út jarðvinnuþátt 1. Skoða þarf m.a. fláa, skurðbreidd, grjóthreinsun, skurðbakka, söndun og þjöppun skv. gögnum. Að þeirri úttekt lokinni tilkynnir eftirlitsaðili verktaka að leggja megi lagnir samkvæmt hönnun og verkáætlun.

#### 3.3.2 Lagnir og prófanir

- Eftirlitsaðili ber ábyrgð á að þrýsti- og lekaprófanir á lögnum, úttektir á strengjum og aðrar prófanir séu í samræmi við útboðsgögn.
- Eftirlitsaðili skal fá tækifæri til að vera viðstaddur myndun fráveitulagna og skal hann fá myndbandsupptökur til yfirferðar. Eftirlitsaðili skal í framhaldinu afhenda verkkaupa myndbandsupptökurnar til yfirferðar í samræmi við útboðsgögn.

#### 3.3.3 Innmælingar

- Eftirlitsaðili skal annast allar nauðsynlegar innmælingar til að sannreyna legu bæði í plani og hæð. Hann skal afla sér upplýsinga um fastmerki og hæðarmerki á svæðinu hjá viðkomandi sveitarfélagi. Eftirlitsaðili skal einnig ábyrgjast að framkvæmd innmælinga á lagnakerfi Veitna sé í samræmi við innmælingaleiðbeiningar í [LAV-115](#).
- Þegar verktaki framkvæmir innmælingu skal hann skjalfesta verkið með ljósmyndum og skila þeim ásamt innmælingarpunktum og hnitaskrá.
- Eftirlitsaðili heldur utan um allar hönnunarbreytingar frá útboðsgögnum og skilar þeim upplýsingum ásamt viðkomandi mæligögnum, reyndargögnum, og innmælingum á innmælingargátt Veitna <https://lukgatt.or.is/innmaelingagatt/> og til verkefnisstjóra.
- Eftirlitsaðili staðfestir að lega lagna sé í samræmi við gildandi teikningar.
- Með hverri innsendri mælingu skal fylgja teikningarsett verksins (pdf) ásamt teikningu þar sem línur eru dregnar milli innmælingarpunkta til upplýsingar um lagnalegu ásamt stærðum og efniseigindum.
- Gögnunum skal fylgja yfirlitsmynd af svæðinu og verkefnisnúmer. Komi í ljós að eitthvað er athugasemdi við mælingarnar eða upplýsingar vantar skal verkefnisstjóra þegar gert viðvart.
- Ef fram koma frávik ber verkefnisstjóri ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana.

#### 3.3.4 Jarðvinnuþáttur 2.

- Eftirlitsaðili tekur út jarðvinnuþátt 2 sem felur m.a. í sér söndun yfir lagnir og lagningu aðvörunarborða skv. skurðsniði/staðalsniði og útboðsgögnum. Ef engar athugasemdir eru um frágang tilkynnir eftirlitsaðili til verktaka að hefja megi lokafrágang.

### 3.4 Vinna við lifandi kerfi

- Eftirlitsaðili setur sig í samband við verkefnastjóra varðandi tengingar við lifandi kerfi. Verkefnisstjóri kemur nauðsynlegu ferli í gang með aðgerðarstjórum þar sem það á við ([LBV-240](#), [LBJ-130](#)).
- Eftirlitsaðili setur sig í samband við verkefnastjóra ef vinna þarf í nálægð háspennuvirkja. Verklaginu er lýst í leiðbeiningaskjali [LBV-201](#).

### 3.5 Vinna innan vatnsverndarsvæða

Þegar framkvæmdir fara fram innan skilgreindra vatnsverndarsvæða skal eftirlitsmaður leggja sérstaka áherslu á að fyrirbyggja hvers konar mengunarhættu sem haft getur áhrif á neysluvatn.

Eftirlitsmaður skal kynna sér vel áhættumat verksins og tryggja að unnið sé eftir því.

Staðfesta skal að starfsfólk hafi fengið fræðslu um vinnu á vatnsverndarsvæði og að mengunarvarnir séu tiltækar og aðgengilegar á verkstað.

Við eftirlit skal sérstaklega kanna:

- Hvort sjáanleg ummerki séu eftir olíu, eldsneyti eða önnur efni á jörðu og hvort slíkt hafi tafarlaust verið hreinsað.
- Hvort vinnuvélar og ökutæki hafi staðist lekaskoðun og séu í góðu ástandi, án olíu- eða vökvaleka. Eftirlitsmaður skal framkvæma stikkprufur á vélum og búnaði (vísa í leiðbein).
- Hvort verktaki hafi framkvæmt daglega lekaskoðun
- Hvort áfyllingar eldsneytis og meðhöndlun varasamra efna fari fram í samræmi við skilyrði og með viðeigandi lekavörnum.
- Hvort sandbeð séu hrein og ómenguð og hvort merki séu um mengun í fyllingarefni.
- Hvort almenn umgengni á svæðinu sé góð, m.a. að rusli sé safnað reglulega og það flutt af svæðinu.
- Hvort salernisaðstaða sé í samræmi við leyfi og að af þeim stafi ekki hætta á mengun vatns.
- Hvort geymsla og flutningur varasamra efna innan vatnsverndarsvæðisins sé í samræmi við leyfi og áætlanir.

Verði mengunaróhapp eða grunur um mengun skal tafarlaust virkja viðbragðsáætlun ([LAV-407](#)), stöðva leka, hindra útbreiðslu og tilkynna atvikið samkvæmt gildandi verklagsreglum.

Verkeftirlitsmaður skal skrá allar athuganir og frávik.

### 3.6 Reikningar.

- Eftirlitsaðili fer yfir magnuppgjör, gerir yfirlit yfir framvindu verksins sundurliðað á verkkaupa og miðla og sendir verkefnisstjóra. Hann sér til að verktaki geri framvindureikning á hvern verkkaupa á grundvelli yfirlitsins.
- Eftirlitsaðili sér einnig um kostnaðargát þannig að jafnskjótt og sýnt þykir að veruleg frávik verða frá áætlun hvers verkþáttar og raunkostnaði hjá verkkaupa gerir hann verkefnisstjóra grein fyrir frávikinu.
- Eftirlitsaðili yfirfer, stimplar og samþykkir framvinduskjöl sem fylgja reikningum verktaka til Reikningshalds Orkuveitunnar.

## 4. Lokaverk og uppgjör

### 4.1 Undirbúningur lokaúttektar

- Verktaki óskar eftir lokaúttekt.
- Eftirlitsaðili metur hvort verkið sé tilbúið og undirbýr fund fyrir lokarúttekt með verktaka og verkefnisstjóra.
- Eftirlitsaðili tekur saman þau atriði sem þarf að bæta fyrir lokaúttekt.

## 4.2 Lokaúttekt

- Þegar verktaki hefur með formlegum hætti óskað eftir lokaúttekt skal eftirlitsaðili boða verktaka og verkkaupa, þ.m.t. verkefnastjóra og þá aðila sem verkefnastjóri metur að boða skuli í lokaúttekt.
- Eftir að lokaúttekt hefur farið fram fyllir eftirlitsaðili út gátlista í ACC að Lokaúttekt hefur farið fram, ef engar eða smávægilegar athugasemdir eru gerðar geta verkefnisstjóri og eftirlitsaðili samþykkt lokaúttekt með fyrirvara um lagfæringar.
- Eftirlitsaðili sér til þess að verktaki lagfæri samkvæmt athugasemdum og staðfestir lagfæringarnar til verkefnastjóra.
- Ef verulegar athugasemdir eru gerðar við lokaúttektina lætur eftirlitsaðili verktaka lagfæra í samræmi við athugasemdirnar og boðar að nýju til lokaúttektar að því loknu.
- Lokauppgjör fer ekki fram fyrr en bætt hefur verið úr athugasemdum.
- Óheimilt er að lækka verktryggingu fyrr en lokaúttekt hefur farið fram og gengið hefur verið frá henni með skriflegum hætti.
- Skila skal inn úttektar skýrslu úr ACC til reksturs sem samþykkir afhendingu ef engar athugasemdir eiga við.

## 4.3 Skilagrein

- Lýsing á verki, helstu frávikum og lærdómi.
- Öll gögn (fundargerðir, myndir, uppgjör, samskipti) vistuð á verkefnavef.

## 4.4 Ábyrgðarúttekt

- Verkkaupi boðar til ábyrgðarúttektar. Sé þess óskað að eftirlitsaðili boði til ábyrgðarúttektar skal hann boða eftirfarandi aðila: fulltrúa verktaka, verkefnisstjóra og rekstrarmenn.
- Verkkaupi eða eftirlitsaðili, sé þess óskað, fer yfir verkið, tekur saman athugasemdir og fyllir í eyðublað ábyrgðarúttektar, [EBV-740](#). Ef engar athugasemdir eru gerðar getur verkkaupi samþykkt ábyrgðarúttekt. Ef athugasemdir eru gerðar við ábyrgðarúttekt skal verktaki lagfæra skv. athugasemdum og ábyrgðarúttekt samþykkt að lagfæringum loknum.
- Verkkaupi sendir frumrit ábyrgðarúttektar ([EBV-740](#)) til Innkaupa sem heimilar tryggingafélagi að fella niður verktryggingu.

## 5. Tilvísanir og fylgigögn

Eftirfarandi skjöl geta eftirlitsaðilar sótt á vef Veitna og Orkuveitunnar:

- <https://www.veitur.is/radgjafar-og-honnudir>
- <https://www.veitur.is/verktakar>
- <https://www.orkuveitan.is/orkuveitan/innkaup/utbod>

Leiðbeiningar:

[LBV-201](#); Jarðvinna nálægt háspennustrengjum Veitna.  
[LBV-240](#); Skilgreining kunnáttumanna rafmagns hjá Veitum.  
[LAV-115](#); Innmælingaleiðbeiningar.

Eyðublað:

[EBF-200](#); Skilavörueyðublað.  
[EBF-204](#); Skráning á ófullnægjandi afgreiðslu.  
[EBV-740](#); Ábyrgðarúttekt.  
[EBV-741](#); Lokaúttekt.  
[EBV-760](#); Samkomulag um öryggismál í útboðsverkum.

---

## 6. Yfirlit yfir helstu tímamörk

Atriði	Tímamörk
Fundargerðir	innan 3 daga frá fundi
Skilgrein	innan 8 vikna frá lokaúttekt
Boðun prófana	a.m.k. 3 dögum fyrirfram

---